Norðuramtið:											
Húnavatnssýsla	50.2	28	1.5	128	647	484	.....	.....	.....	...	100
Skagafjarðarsýsla	290	17	...	24	14	239	40	81660	.....	...	400
Flutt	340.2	45	1.5	152	661	723	40	81660	.....	...	500

Yfirlit yfir selveiði, dúntekju og fuglatekju árið 1900. (Framh.).

Ömt og sýslur:	Lifur:			Selveiði:		Dúnn, pund	Fuglatekja:				
	Þorskalifur, tunnur	Hákarlslifur, tunnur	Önnur lifur, tunnur	Fullorðnir selir, tals	Kópar, tals		Lundi, tals	Svartfugl, tals	Fýlungi, tals	Súla, tals	Rita, tals
Fluttar	340.2	45	1.5	152	661	723	40	81660	.....	...	500
Eyjafjarðarsýsla	242	62	...	20	40	66	360	1015	3700	...	440
Akureyrarkaupstaður	5	...	...	...	26	.....	.....	.....	.....	...	...
Suðurþingeyjarsýsla	192	63	1	42	131	543	1850	.....	.....	...	...
Samtals	779.2	170	2.5	214	858	1332	2250	82675	3700	...	940
Austuramtið:											
Norðurþingeyjarsýsla	67.5	8	...	121	145	834	180	3130	60	...	7260
Norðurmúlasýsla	299	17	136	6	7	337	.....	.....	.....	...	540
Suðurmúlasýsla	567.5	109.25	..	16	95	578	7585	877	132	...	8787
Austurskaptafellssýsla	15	22	5	34	226	28	1050	140	140	...	...
Samtals	949	156.25	141	177	473	1777	8815	4147	332	...	16587
A öllu landinu	3467.2	572.15	676.25	686	5834	7463.75	227120	110441	59830	916	21963

Athugasemdir.

Það hefir lifnað töluvert yfir fiskiveiðum á opnum bátum þetta ár. Í öllum landsfjórðungum er fiskaflinu meiri en fyrirfarandi ár, en langmest hefir hann þó aukizt í Vesturamtinu. Bátum hefir fjölgað að mun, nema tveggja manna förum, þeim hefir fækkað á landinu í heild sinni. Í Vesturamtinu hefur fjölgað bátum af öllum stærðum. Það væri fróðlegt að sjá á skýrslunum, hve langan tíma ársins róið er á hverjum stað og hve margir menn róa. Þá gæti komið til tals samanburður á þilskipaveiðum og veiðum á opnum bátum.

Síldveiði hefur aukizt stórkostlega. Árið 1898 veiddust nær 12000 tunnur og 1899 um 4000 tnr. en árið 1900 hartnær 23000 tnr. Síldveiði er mun almennari en áður, sem mun eiga örsök sína í því, að augu manna eru nú opin orðin fyrir því, hve mikla þýðingu síld getur haft fyrir fiskveiði í heild sinni, þar sem hún er hin bezta beita. Jafnframt því að leggja meiri stund á síldveiði, hafa menn allvíða reist íshús til þess að geyma síldina óskemmda og stuðlar það mikið að því, að fiskiveiðar eru ekki eins stopular eins og áður fyr.

Laxveiði fer sífelt fram. Hefir á síðustu árum vaxið um helming árlega. Nær 7000 laxar veiddir árið 1900. Gefur sú veiði mikinn arð, og óskandi að veiði þessi vaxi fremur en rýrni eptirleiðis, en til þess að góðar vonir geti verið um það, verða menn að veita selnum alvarlegar árásir. Hann mun vera duglegasti laxveiðandinn og nær sjer í fleiri laxa en allir landsmenn gjöra til samans. En því miður er ekki gengið nógu rösklega að selveiðum. Það er eina veiðin, sem stendur í stað í landinu; öll önnur veiði fer vaxandi. En selurinn ætti að gjöreyðast sem fyrst, að flestra áliti, nema þeirra fáu, sem eiga selalagnir.

Lifur er hirt heldur betur þetta ár en hin næstu á undan og ber það vott um vaxandi hirðusemi og er það góðs viti.

Dúntekja hefur aukizt í flestum sýslum landsins. Í sumum jafnvel að mun og er það gleðilegt, því dúntekja er einhver hin allra beztu hlunnindi. Sú fyrirhöfn, sem menn gjöra sjer til þess að koma æðarvarpi á hjá sjer eða efla það sem til er, borgar sig betur en flest annað. Það er nú í fyrsta sinn að æðarvarps er getið í Vestmannaeyjum. Nú er þar 1 pd. og er það auðvitað ekki mikið, en »mjór er mikils vísir« og vel má vera, ef ástundun er með, að æðarvarp geti orðið veruleg tekjugrein fyrir eyjarnar. Annars eru líkur til, að dúntekja aukist yfirleitt, þar sem menn eru almennt farnir að sjá, hve þýðingarmikið það er og má gjöra ráð fyrir, að menn hætti innan skamms að eta fuglinn áður en hann er kominn úr egginu. En jafnframt þyrfti að fækka duglega vörgum, sem eyða æðarfugli, ekki sízt mannvörgum, sem sumstaðar eru einna skaðlegastir, þar eð þeir ekki að eins fækka fuglinum, heldur og fæla hann burt með skotum.

Fuglveiði hefir aukizt að mun og dregur sú veiði suma landsmenn drjúgum. Einkum má benda á, að Drangey í Skagafirði hefur þótt góður bjargræðisgripur fyrir Skagfirðinga. Árið 1900 hafa þeir veitt liðug 80 þúsund svartfugla, og mun mest af þeim afla vera frá Drangey. Kemur þá í ljós, að meir en $^2/_3$ hlutar alls svartfuglaafla á landinu er í þessari einu eyju.

Skýrsla

um

heilbrigði manna á Íslandi árið 1900.

Samin af

landlækni **Dr. med. J. Jónassen.**

Þar sem heilbrigði manna hjer á landi var með betra móti árið 1899 var þetta eigi svo árið 1900; var það því að kenna, að mikið bar á Influenza-veiki um allt land og þar við bættist skarlatssóttarveikin fram að áramótum (sjá síðar). Sóttir þessar voru yfirleitt mjög vægar og manndauði af þeim sáralítill. Þar að auki bar mikið á þarmakvefi, litlu kóleru, hálsbólgu.

Árið 1900 fæddust samtals 2308 börn hjer á landi (1151 drengir, 1157 stúlkur); alls dánir 1616, 692 því fleiri fæddir en dánir; andvana fæddir alls 71 (38 drengir, 33 stúlkur). Skilgetin börn, sem fæddust lifandi voru 1872 (939 drengir, 933 stúlkur); óskilgetin börn, sem fæddust lifandi, voru 365 (174 drengir, 191 stúlkur).

Tvíburafæðingar á árinu voru 35 (27 skilg. 8 óskilg.)

Þríburafæðing kom einu sinni fyrir.

Aldur kvenna, er fæddu lifandi eða andvana börn, var þessi:

Aldur mæðra:	Fæðingarnar						Alls
	skilget.		óskilget.		alls		
	kk.	kvk.	kk.	kvk.	kk.	kvk.	
Milli 15 og 20 ára.. ...	9	10	10	9	19	19	38
— 20 — 25 — ...	128	133	30	47	158	180	338
— 25 — 30 —.. ...	235	245	42	41	277	286	563
— 30 — 35 — ...	234	216	47	34	281	250	531
— 35 — 40 —.. ...	260	237	32	39	292	276	568
— 40 — 45 — ...	89	93	13	17	102	110	212
— 45 — 50 —.. ...	6	10	2	3	8	13	21
— 50 — 55 — ...	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
55 ára og eldri ...	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....

Á fyrsta mánuði dóu af þeim, sem fæddust lifandi, 127 skilg. drengir, 53 óskilg., 52 skilg. stúlkur, 11 óskilg.; innan árs dóu 162 drengir og 130 stúlkur. Á aldrinum 90—95 dóu 14 (3 karla, 11 konur); á aldrinum 95 - 100 ára dóu 3 (konur).

Vofeiflega dóu alls 100 (drukknuðu 89, 50 kk., 39 kvk.); 4 urðu úti; af öðrum orsökum 6; sjálfsmorð voru 3.

Skal nú getið hinna helztu sjúkdóma, sem komu fyrir á árinu.

Lungnabólga (Pn. crouposa). Veiki þessi hefir eins og að undanförnu, komið opt fyrir; 320 sjúkl. eru tilfærðir með þessari veiki; bar einna mest á henni í 10. lhjeraði þar sem 33 voru sjúkl., og af þeim dánir 3; í 2. lhjer 20 veikir og 5 dánir; veiktust þar í 2. lhjer. sem víðar, margir upp úr Influenzunni eins og margir læknanna taka fram. Lungnabólgan deyðir hjer á landi um það jafn marga (c. 20%) á hverju ári.

Taugaveiki (Fb. typhoidea). Talsvert hefir borið á veikinni víða um land; flestir hafa sjúkl. verið í 2. lhjer. (Ísafj.hjer.) (78 og þar af dáið 7). Veikin lýsti sjer þar með einkennilegum hætti, svo eigi var full vissa fyrir því að það væri regluleg taugaveiki. Var læknirinn þeirrar skoðunar, að veikin ætti rót sína í neyzluvatninu. Bæjarstjórnin (á Ísafirði) sýndi þá einstaka rögg af sjer og náði ágætu neyzluvatni ofan úr fjalli gegn um járnpípur niður í kaupstað; síðan hefir lítið kveðið að þessari veiki þar; í 20. lhjer. bar og talsvert á taugaveiki (í Þorlákshöfn) og kendi læknirinn þar neyzluvatninu um og öðrum óþrifaskap; einnig í 10. lhjer. Jón Blöndal segir svo:

»Eins og jeg gat um í síðustu skýrslunni í fyrra, fór að bera á taugaveiki síðast á því ári á tveim bæjum og eptir áramótin tók svo við hver af öðrum af heimilismönnum á bæjum þesssum, þótt öll varúð væri brúkuð, sem unnt var og veiktust alls 6 á hverjum bænum fyrir sig. Veikin var mjög illkynjuð og langvinn. Á öðrum bænum dóu 2 úr henni, stúlka 32 ára sem dó af Perichondritis laryngea og þar af leiðandi oedema glottidis og hin úr blóðniðurgangi, 12 vetra. Ekki breiddist veikin út frá þessum bæjum, enda voru allar samgöngur afteknar við aðra bæi þar til sótthreinsun hafði farið fram. Sem líklega orsök til veikinnar á öðrum bænum skal þess getið, að vatnsbólið þar stendur í halla undir kirkjugarðsvegg, fáa faðma fyrir neðan garðinn og hafa þar oft verið grafnir taugaveikissjúklingar í garðinum. Bannaði eg að láta nota brunninn sem vatnsból og hefur ekki verið búkaður síðan«.

Influenza-veikin fluttist á Seyðisfjörð síðast í janúar með skipi frá Norvegi eins og árið áður; breiddist skjótt út um allt land; veiktust bæði ungir og gamlir en var yfirleitt væg; en upp úr veikinni fengu margir, sem fóru of snemma út, lungnabólgu og aðrir áttu þá lengi í veikinni; henni fylgdi og víða eyrnabólga og útferð úr eyrum og skertist á mörgum heyrnin.

Skarlatssótt. Fyrsta tilfellið, sem skýrt var skarlatssótt, kom upp í Lónakoti 16. apríl 1900, en enginn efi er á, að sóttin hafði þá nokkru áður stungið sjer niður í Reykjavík, án þess menn vissu; jeg hafði sjálfur sjeð 1 sjúkling (6 ára telpu) með alveg sömu einkennum í janúar 1900 og skírði jeg það »rauða hunda«. Síðan breiddist sóttin út um Reykjavíkurhjerað og svo smátt og smátt til annara hjeraða unz hún við árslok 1900 var komin í 11 hjeruð. Í tveim af þessum hjeruðum kom að eins 1 tilfelli fyrir í hvoru. Sum af þessum hjeruðum ná yfir fleiri en eitt, af því að ýms af hjeruðum þeim nýju, sem sett voru á stofn með lögum 13. okt. 1899, voru óskipuð til þess tíma, er skýrslur ná yfir, og teljast því með nágrannahjeruðum. Einkennilegt er, að sóttin liggur niðri í sumum hjeruðum um stundarsakir, en gýs svo upp aptur, þegar minnst varir. Sóttin breiddist út, þrátt fyrir það, þó að beitt væri við hana ströngustu sóttvörnum. Hún fór sína leið þrátt fyrir sóttvarnirnar, að eins fór hún, ef til vill, nokkuð seinna yfir.

Sjúkratalið og dánartalan var árið 1900 þannig: alls voru veikir 315, dánir 6. — Sjest þá, að af þeim tilfellum, sem komist hafa til vitundar lækna, hafa dáið 1,9% og sýnir það, að sóttin var langt frá því að vera skæð eða hættuleg, heldur yfirleitt mjög væg. — En þess ber að geta, að þetta hlutfall dáinna og sjúkra er eflaust allt of hátt; það má ganga að því vísu, að svo að segja allir, sem dáið hafa úr sóttinni, sjeu tilfærðir í skýrslum lækna, því að í þeim alvarlegu tilfellum hefir þeirra verið vitjað, enda gat það naumast farið leynt. En hitt er eins víst, að mjög margir hafa veikst úr sóttinni, sem læknar hafa ekkert vitað um, og því ekki getað tekið í skýrslurnar, með öðrum orðum, að sjúkratalan er allt of lág. Í sumum hjeruðum sjest það á skýrslum lækna, að sóttin hefur verið búin að ganga langan tíma, í einu jafnvel hálft ár, áður en læknir fær neitt að vita um það. Sóttin hefir verið svo væg, að almenningi hefir þótt hreinn óþarfi að vitja læknis, marga grunaði ekki, eptir því sem læknar skýra frá, að hjer væri um skarlatssótt

að ræða og þeir, sem ef til vill hafa haft grun um það, kusu heldur að leyna sóttinni, af því hún reyndist þeim svo væg, að þeir voru hræddari við óþægindi þau, sem af sóttkvíun mundi stafa, heldur enn við sóttina. Dæmi um þetta má sjá í skýrslum læknanna í Barðastrandarhj., Ólafsvíkurhj., Stykkishólmshj.. Grímsnesshj., Sauðárkrókshj. o. v. Það má því telja víst, að mýmörg hin vægari tilfelli sóttarinnar hafa farið alveg á bak við læknana. — Og jeg þykist ekki taka of djúpt í árinni, þó að jeg segi, að sjúkratalan hafi í raun og veru verið helmingi hærri en skýrslur lækna sýna og hafa þá ekki dáið fleiri en c. 0,9% af þeim, sem sýkst hafa.

Allir læknar eru líka sammála um, að sóttin hafi yfir höfuð að tala verið væg, margir segja »mjög væg«. Í flestum tilfellum hafa sjúklingarnir verið komnir á fætur eptir 2—3 daga, þar sem þeim hefir ekki verið haldið í rúminu til varúðar (sbr. skýrslur úr Grímsneshj., Kjósarhj., Eyrarbakkahj.). Þó hafa komið fyrir alvarleg tilfelli innanum, einkum á eldra fólki og þeim, sem hafa farið óvarlega með sig. Fullyrða má, að fáir hafa dáið úr veikinni nema þeir hafi verið eitthvað bilaðir undir, eða þá farið sjer óvarlega, enda sjást dæmi þess í skýrslum lækna (Síðuhj.. Eyrarbakkahj. o. v.).

Það er enginn efi á því, að þetta er sama sóttin, sem gekk hjer yfir landið á árunum 1887—1889. Til eru í læknaskýrsl. fyrir þau ár nákvæmar lýsingar á sóttinni, bæði eptir þáverandi landlækni Schierbeck og aðra hina beztu lækna landsins og lýsa þeir þeirri sótt, sem þá gekk, með alveg sömu einkennum og þessi sótt er nú; jeg skal þannig taka s. d. skýrslu Þórðar Thoroddsen (»rauðir hundar«); dánartalan fyrir 1889 var 2.2% líkt eins og nú. Allt bendir þannig til, að hjer sje um sömu sótt að ræða, enda munu allir læknar nú vera samdóma um það atriði. Þá var sóttin skýrð »rauðir hundar« af flestum læknum að eins af einstaka »skarlatssótt«. Nú er sama sóttin almennt nefnd »skarlatssótt«.

Kvefsótt (Tracheo-bronchitis) hefur eins og að vanda komið fyrir um allt land; í skýrslum lækna eru tilfærðir 806 sjúkl.; fáir dáið. Auðvitað eru mýmargir eigi tilfærðir í skýrslunum; fæstir leita læknisráða við sóttinni.

Gigtveiki með sótt (Fb. rheumatica) kom ekki eins opt fyrir sem að undanförnu nfl. 74 sinnum (en 1899 114 sinnum); var yfirleitt mjög væg. Flestir sjúkl. hjá Oddi lækni (13) og Sig. Hjörleifss. (11).

Barnsfarasótt (Fb. puerperalis). Á þessari sótt bar viðlíka opt og 1899; 24 veiktust og af þeim dóu 5 konur; flestar voru konurnar í 8. lhj. nfl. 6 og dóu af Þeim 2.

Barnaveiki (Croup og Diptheritis). Eins og að undanförnu hefur borið talsvert á veikinni á Norðurlandi, einkum kring um Akureyri (27. og 28. lhj.) og hefir verið skæð. Það er ekki hægt að segja, hvað til þess getur komið, að þar sem barnaveiki (Croup) var býsna algengur sjúkdómur, er þessi veiki nú mjög fátíð: það kom varla nokkurt það ár hjer á Suðurlandi, að eigi dóu úr henni æði mörg börn; nú, sem betur fer, ber þetta varla við.

Kverkabólga (Angina tonsillaris) hefir hvervetna komið fyrir en jafnan verið væg. 72 sjúkl. eru tilfærðir í 1. lhj.

Garnakvef (Catarrhus intest. acut.) hefir og verið títt um allt land; hefir borið mest á því síðari part sumars og á haustin og framan af vetri; skyrát og sláturát á hjer efalaust hlut að máli; alls eru tilfærðir 1006 sjúkl. og af þeim 13 taldir dánir; veikin hefur að öðru leyti lýst sjer með sama hætti og 1899 (sjá lýsing Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar).

Blóðkreppusótt (Dysenteri) er tilfærð í 91 skipti, og eru 3 dánir. Flestir voru sjúklingarnir í 11. lhj. (34) og í 5. lhj, (29). Allmargir voru þungt haldnir.

Hettusótt (Ang. parotidea). Á henni bar mikið í 2. lhj. seinni hluta september »fengu hana flestir innan 25 ára aldurs og var þrálát á mörgum, sem óvarlega fóru með sig og fengu eystnabólgu«. Á veikinni bar einnig í 23. lhj.

Þótt veiki þessi, sem er næm, gjöri árlega vart við sig, virðist hún sjaldan breiðast út.

Sullaveiki (Echinococus). Tala hinna sullaveiku er um það hið sama, sem í fyrri skýrslu; (nú 138) veikin er auðsjáanlega að smáminnka, og áreiðanlegt er, að margir læknar segja að talsvert beri minna á henni nú en áður. Bjarni Jensson: »Sullaveiki er í greinilegri rjenun í hjeraðinu«. Sullaveiki var áður mjög algeng í Skaptafellssýslum.

Hundalækningar hafa víðast farið fram með reglu.

Berklaveiki (Tuberculosis). Í skýrslum lækna eru tilfærðir 134 sjúkl. (í fyrra 117) með berkla í lungum, af þeim dánir 12 (9,0%) og 105 (í fyrra 64) með berkla í öðrum pörtum líkamans og af þeim dánir 7 (6,7%). Flesta berklaveika tilfæra þeir G. Björnsson (22 í lungum og 8 í öðrum pörtum líkamans) og Guðm. Hannesson (10 í lungum og 34 í öðrum pörtum líkamans). Það er engum efa buudið, að berklaveikin er að breiðast út; alþýða er of óaðgætin með hráka hinna sjúku og enn einu sinni vil eg minna á að kynna sjer berklaveikisritið litla, sem allir hjeraðslæknar útbýta ókeypis.

Guðm. Hannesson segir svo: »Bólgur og ígerðir hljóta altaf að verða tíðir sjúkdómar og verður tæplega við því gjört, en nær því jafn tíður sjúkdómur er berklaveikin í einhverri mynd. Þegar þess er gætt, að sjúkdómur þessi er alls eigi gamall í landinu, þá má með sanni segja, að ekkert sje nú sem stendur jafn iskyggilegt í heilbrigðisástandi hjer og hann, jafnvel ekkert, sem jafna má við hann.

Að ráða nokkra verulega bót á tæringarhættunni er erfitt; en eigi nokkuð verulegt að vinnast á, þarf fleira en eitt endurbótar. Að fræða alþýðu um orsök veikinnar, fá hana til að trúa því, sem sagt er og fara eptir því, er erfitt, því þrátt fyrir ótal leiðbeiningar og áminningar, trúir fjöldi manna alls ekki, þann dag í dag, að sullaveikin stafi af bandormum hundsins. Húsakynni manna þurfa að batna og ýmsir lifnaðarhættir; sjúkrahús fyrir tæringarveika að byggjast o. fl. í stuttu máli heil og margbrotin herferð, sem ekki miði til þess, að halda sjúkdómnum meir eða minna í skefjum, heldur til algjörðrar útrýmingar hans úr landinu, að dæmi Norðmanna«.

Skyrbjúgur (Scorbutus). Þessi leiði sjúkdómur, sem er um það að hverfa hjer í landi, kom fyrir þetta ár hjá Sigurði Hjörleifssyni, »hjer í umdæminu kom fyrir dálítil scorbut-epidemí. Fyrsta sjúklinginn sá eg seint í maímán. en þann síðasta í byrjun ágústm. Alls sá eg 7 sjúklinga með scorb. og 3 með Peliosis rhevmatica. Þó sýktust fleiri, sem eg ekki sá, og munu þau tilfellin hafa verið vægust. Sýkin var fremur væg. Flestir sjúklingar voru á Látraströnd, fáeinir úr Höfðahverfi«.

Krabbamein (Cancer). Alls eru tilfærðir 22 sjúklingar; flestir (10) höfðu meinið í maganum, 4 í brjósti, 2 í tungunni, 2 í vjelindinu, 1 í neðri vör, 1 í endaþarmi, 1 í barnsleginu.

Beinbrot (fractura). Eins og vant er hafa rifbrot (fr. cost.) verið tíðust (22), svo geislabeinsbrot (fr. radii) 17 s. Fótleggsbrot (fr. curis) 14 s. Svo viðbeinsbrot (fr. claviculæ) 13 s. Lærbrot (fr. femoris) 7 s. Upphandleggsbrot (fr. humeri) 6 s. Fingurbrot (fr. digit.) 6 s. Sperrileggsbrot (fr. fib.) 5 s.

Liðhlaup (luxatio). Optast hefur gengið úr liði um öxlina (l. humeri) 6 s., neðri kjálkinn 3 s. Í olnbogaliðum (l. cubiti) 2 s. Lærið 2 s. Hnjeið (l. gen.) 1 s.

Lekandi (Gonorrhoea) er talið að hafi komið fyrir í 41 skipti; flestir í 1. hjeraði (20 sjúkl.) og í 4. lhj. 7 sjúkl.; meir en helmingur voru Íslendingar.

Samræðissjúkdómar (Syphilis og Ulc. vener.) höfðu að eins 5 sjúklingar — allir útlendingar.

Drykkjuæði (Delir. tremens) kom á 4 menn.

Kláði (scabies) tilfærður hjá öllum læknum.

Ginklofi (trismus neonator.) að eins tilfærður í Vestmannaeyjum, 1 barn.

Fæðingar (partus).

Þetta ár hafa læknar orðið að hjálpa konum 37 s. með verkfærum (töng); orðið að snúa burðinum 9 s., orðið að setja gat á höfuð burðarins, til að ná honum, 2 sinn. (Jón Jónsson og Helgi Guðm.). Lifðu báðar mæðurnar það af.

Andlitsfæðing kom fyrir Ásgeir Bl.; í eitt s. lá legkakan fyrir (Pl. prævia) (Þorgr. Þórðars.). Fæðingarkrampi (Ec. parturientium) kom fyrir Þórð Th. og B. Jensson og J. Jónsson.

Þ. Th. segir svo: »Hjá einni konu komu krampar rjett við enda fæðingarinnar, en hættu er barnið var fætt«. Hjá einni var fjarskalega mikið legvatn. Hún hafði leitað ráða til mín um meðgöngutímann vegna óþæginda; hún var þá á 6. mánuði; átt 5 börn áður. Loks var þyktin og óþægindin af henni svo mikil, að hún gat ekki verið á fótum og lá um mánuð í rúminu. Við lok 9. mánaðar fæddi hún andvana barn. Legvatnið var þá svo mikið, að maður hennar sagðist hafa ausið 2 fötum af vatni úr rúminu« — Konunni heilsaðist vel á eptir.

B. Jensson: »Kona ól barn í 2. s. og fjekk blóðlát mikil og krampa eptir að barnið var fætt en áður en fylgjan náðist og lá hún meðvitundarlaus er jeg kom til hennar. Jeg náði fylgjunni og fjekk konan meðvitund nokkru síðar. Hún náði heilsu.

Það hefur mjög opt, ýmsra orsaka vegna, orðið að ná fylgjunni.

Sjúkrahús.

Í sjúkrahúsinu í Reykjavík hafa legið 76 sjúklingar:

Úr Reykjavík	18	sjúkl.
— Kjósar- og Gullbringusýslu	14	—
— Borgarfjarðarsýslu	5	—
— Mýrasýslu	4	—
— Dalasýslu	1	—
— Barðastrandarsýslu	5	—
— Ísafjarðarsýslu	3	—
— Húnavatnssýslu	2	—
— Árnessýslu	5	—
— Rangárvallasýslu	7	—
— Vestmanneyjasýslu	2	—
— Múlasýslu	4	—
Útlendingar	6	—

Af þeim dóu 6 (1 Cystoma ovarii supp; 1 Peritonit. tuberc. diffusa; 1 Pneumonia; 1 Fb. typhoidea; 1 Apoplexia; 1 Cancer pancreatis).

Helztu skurðir (operationir) voru þessir: 11 Laparotomia við sullaveiki; 2 Amputatio fem.; 1 Resectio gen.; 1 Amput. cruris; 1 Amput. uteri supravaginalis; 1 Resectio costæ; 2 Castratio; 1 Herniotomia radical.

A sjúkrahúsinu á Akureyri hafa legið: 139 sjúklingar; af þeim dóu 10 (1 seqvelæ partus; 1 Pyometra og Pericarditis; 1 Sacrocoxalgi, mb. cord.; 1 Mal. Potti; 1 Echinococc. hepat; 1 Tuberc. multipl., Myelitis; 1 Phthisis florid; 1 Ileus).

Helztu skurðir voru þessir: 4 Enucleatio oculi; 1 Sectio alta; 2 Resectio coxæ; 1 Resectio part. oss. sacri; 1 Res. cost. & sterni; 2 Res. genus; 1 Res. cubiti; 2 Res. man; 2 Sectio Sæm.; 14 Laparotomia (við sullaveiki); 4 Kataraktop; 1 Colporaphia ant.; 1 Exarticul. coxæ; 1 Amput. cruris 2 ad mod. Syme 1; 2 Iridectomia; 1 Appendicitisop.

Í sjúkrahúsinu á Ísafirði hafa legið 46 sjúklingar; dánir 4 (3 af fb. typhoid. 1 Laparotomia). Ekki nefndir neinir verulegir skurðir.

Í sjúkrahúsinu á Seyðisfirði hafa legið 18 sjúklingar frá 1. júlí til ársloka.

Skurðir: 1 Laparotomia (við sullaveiki) 1 Amp. mammæ.

Bólusetning.

Sakir Influenzu og Skarlatssóttar gat bólusetning víða eigi farið fram.

Lögboðinn líkskurður.

fór fram í eitt skipti i Ísafjarðarhjeraði; var það Norðmaður; sýndi skurðurinn að dauðaorsökin var heilablóðfall (af ofdrykkju í köldu veðri).

Slys.

Víða er þess getið, að slys, og það sum stórvægileg, hafi að höndum borið þetta ár, og skal hjer tilfært hið helsta.

Eins og vanalega, vill það opt til að ógætilega er farið með byssur (v. sclopetarium). Þær eru stundum svo riðgaðar að þær springa, stundum bjánalega hlaðnar, stundum látnar á staði, þar sem óvitar geta komist að þeim.

Guðm. Hannesson: »Stórt haglskot (44 högl) í olnbogann, mjöðmina og kviðinn; 2—3 högl fóru gegn um blöðruna (hæmaturia), 2—3 gegn um garnir (paralysis intest. peritonit. partial.). T., þegar jeg kom, 40. Garnaparalyse með einkennum garnaflækju. Lifði það af«.

»Á hvalabát vildi það til, að úr kanónu hljóp skotið að nokkrum hlut aptur úr henni í andlit mannsins og brotnaði heilakúpan«.

Líkt vildi til hjá Ásg. Bl.; þar sprakk spansskrúfið aptur úr hlaupinu og hljóp púðurgusan í andlit mannsins, annar þumalfingur rifnaði frá miðhnúa upp fyrir efri hnúa og inn í neip«.

Jón Blöndal: »2 menn meiddust af byssuskotum á rjúpnaveiðum. Hjá öðrum opnaðist byssan (aptanhlaðningur) við skotið; hefir líkl. verið illa látin aptur og læsingin slæm; fór botninn úr »patrónunni« aptur úr byssunni og í andlitið á manninum. Pappi og látúnsbrot fór gegn um augnalokið annað efst og nam staðar á röndinni á orbita. Ekki skemmdist þó augað. Sár voru líka til og frá um ennið og nefið og látúnsbrot og pappi í þeim; andlitið nokkuð brent af blossanum. Þetta batnaði fljótt.

»Nokkrum dögum síðar datt 16 vetra drengur á svelli með hlaðna byssu og missti hana; hljóp skotið af og kom fyrst í stóru tána og nam af góminn; af 2. tá fór $1^1/_2$ köggull og blágómurinn af 3. fingri, svo af var tekin 2. táin.

M. Ásgeirsson: »Unglingspiltur datt um þóftu á bát með hlaðna byssu í hend-

inni; skotið reið af og nam kúlan burtu hold allt að beini öðru megin á efsta lið vísifingurs; bein og sinar voru óskemdar. Sárið greri fljótt«.

Ólafur Thorlacius: »Maður var að taka hlaðna byssu upp úr bát og snjeri hlaupinu að sjer; skotið reið af og lenti nokkur hluti þess í kviðarveggnum, en þar eð maðurinn hafði staðið skáhalt fyrir byssukjaptinum, lenti mestur hluti skotsins fram hjá honum, en sá hluti, sem í hann kom, gekk skáhalt upp á við. Eg kom til sjúkliugsins 12 tímum eptir að slysið vildi til, hreinsaði sárið, tók út högl og tægjur úr fötum hans og batnaði manninum á rúmum mánuði«.

Guðm. Hannesson: »Drengur var fluttur til mín utan úr Svarfaðardal. Hafði skorið með ljá þverskurð rjett yfir liðamótin á hnjenu gegn um hnjeskjelina neðanverða og inn í lið«. Liðurinn var jafngóður.

Fyrir Jón Blöndal komu tvö stórkostleg slys á 2 gömlum mönnum, þar sem hauskúpubeinið sprakk í sundur (fr. convexitatis cranii); annar þeirra hrapaði niður hátt gil, hinn datt af hestbaki. Eptir að Jón hafði lagað beinin, sem voru gengin á mis og búið um meiðslið, batnaði báðum.

Óhætt er að segja, að illt hlotnist á hverju ári af útlendum húðum. Sig. Hjörleifsson segir svo: »2 sjúklinga hafði jeg á árinu með Pustula maligna (miltisbrands-bólga). Um fyrri sjúkl. er þetta helzt að segja: Hann hafði keypt ósútaða húð útlenda; úr henni eru gjörðir skór handa fjósamanni; þrem dögum eptir lágu 2 hundar dauðir; hafa þeir líklega náð í skekla af skæðunum. Svo drepast 2 kýr með stuttu millibili; miltið í báðum mjög stórt, meyrt og blóðhlaupið. Bóndi hjálpar til að gjöra til kýrnar; hann hafði ofurlitla bólu á kjálkabarðinu með kláðafiðringi í; fljótlega á eptir myndast þar illkynjuð ígerð. Hann leitaði strax til mín og batnaði eptir að eg hafði skorið í þetta og viðhaft alla varúð«. Hinn sjúklingurinn hafði áður haft ígerð í lófanum og grafið fram í greipar; var þetta á batavegi. Af tilviljun fór hann nú eitthvað með ósútaða útl. húð, er hann þurfti á að halda; á gómnum á baugfingri var ofurlítil gömul skeina; þarna kemst eitrið að og myndast þar kolsvartur blettur inn að beini. Fingurinn bólgnaði nú ákaflega með miklum þrautum og sóttveiki og eitlabólgu. Hann missti bein, en lifði það af, og höndin varð heil«.

Skýrsla um dóm-

I. Skýrsla um sakdóma, refsingar og

Lögsagnarumdæmi:	Dæmdir:			Hegning:			
	Karlar	Konur	Samtals	Hegningarvinna	Fangelsi	Sektir	Hirting
Vesturskaptafellssýsla	...	...	...	...	...	...	...
Vestmannaeyjasýsla	1	..	1	...	1	...	...
Rangárvallasýsla	3	...	3	...	3	...	...
Árnessýsla	4[1]	...	4	3	1	...	...
Gullbringu- og Kjósarsýsla	...	...	...	...	...	...	...
Reykjavík	8[2]	...	8	1	4	1	2
Borgarfjarðarsýsla	2	...	2	1	1	...	...
Suðuramtið	18	...	18	5	10	1	2
Mýrasýsla	...	...	...	...	...	...	...
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	...	...	...	...	...	...	...
Dalasýsla	...	...	...	...	...	...	...
Barðastrandarsýsla	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarsýsla	3	...	3	2	1	...	...
Ísafjarðarkaupstaður	1	...	1	...	1	...	...
Strandasýsla	...	...	...	...	...	...	...
Vesturamtið	4	...	4	2	2	...	...
Húnavatnssýsla	...	...	...	...	...	...	...
Skagafjarðarsýsla	1	...	1	...	1	...	...
Eyjafjarðarsýsla	1	...	1	...	1	...	...
Akureyri	4	...	4	..	1	...	3
Suðurþingeyjarsýsla	...	...	...	...	...	...	...
Norðuramtið	6	...	6	...	3	...	3
Norðurþingeyjarsýsla	...	...	...	...	...	...	...
Norðurmúlasýsla	2	...	2	...	2	...	...
Seyðisfjarðarkaupstaður	...	...	...	...	...	...	...
Suðurmúlasýsla	1	...	1	...	1	...	...
Austurskaptafellssýsla	...	...	...	...	..	...	...
Austuramtið	3	...	3	...	3	...	...
Suðuramtið	18	...	18	5	10	1	2
Vesturamtið	4	...	4	2	2	...	...
Norðuramtið	6	...	6	..	3	...	3
Austuramtið	3	...	3	...	3	...	...
Samtals á öllu landinu	31	...	31	7	18	1	5

1) Einn afbrotamaðurinn reyndist sekur bæði í þjófnaði og svikum.
2) Einn afbrotamaðurina varð uppvís bæði að skjalafalsi og svikum.

gæzlu árið 1900.

og glæpi í hverju lögsagnarumdæmi.

Lögsagnarumdæmi:	Brot: Morð og mannsbani	Fósturmorð og dulsmál	Líkamleg ofbeldi og meiðing	Óskírlífi	Stórþjófnaður	Almennur þjófn., hilming o. s. frv.	Svik	Falsanir	Brot gegn valdsstjórninni	Önnur brot
Vesturskaptafellssýsla	...	...	...	..	..	...	...	...	...	...
Vestmannaeyjasýsla	...	...	...	...	. .	1	...	...	...	...
Rangárvallasýsla	...	...	...	...	...	1	...	1	...	1
Árnessýsla	...	...	..	...	...	2	1	1	...	1
Gullbringu- og Kjósarsýsla	...	...	...	..	...	...	...	. .	...	...
Reykjavík	...	...	...	...	...	4	1	1	1	2
Borgarfjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	1	...	...	...
Suðuramtið	...	...	...	...	...	9	3	3	1	4
Mýrasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Dalasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Barðastrandarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	1	. .	...	1
Ísafjarðarkaupstaður	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...
Strandasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Vesturamtið	...	...	...	...	...	2	1	...	..	1
Húnavatnssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Skagafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...
Eyjafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...
Akureyri	...	...	...	...	...	4	...	...	...	...
Suðurþingeyjarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðuramtið	...	...	...	...	...	6	...	...	...	...
Norðurþingeyjarsýsla	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðurmúlasýsla	...	...	...	1	...	1	...	...	...	...
Seyðisfjarðarkaupstaður	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Suðurmúlasýsla	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...
Austurskaptafellssýsla	...	...	...	...	..	..	...	...	...	...
Austuramtið	...	...	1	1	...	1	...	...	...	...
Suðuramtið	...	...	...	...	...	9	3	3	1	4
Vesturamtið	...	...	...	...	...	2	1	...	...	1
Norðuramtið	...	...	...	...	...	6	...	...	..	...
Austuramtið	...	...	1	1	...	1	...	...	...	...
Samtals á öllu landinu	...	...	1	1	...	18	4	3	1	5

II. Skýrsla um lögreglumál í lögsagnarumdæmi hverju 1900.

Lögsagnarumdæmi:	Almenn lögreglumál:						Einkalögreglumál:				
	Ákærðir	mál: óklárað eða niðurfallin	mál: úrskurðuð fjesekt	dæmdir: sýknir	dæmdir: í fjesekt	dæmdir: í þyngri hegningu	málatal	sezt á	frestað	niðurfallin	dæmd
Vesturskaptafellsýsla	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...
Vestmannaeyjasýsla	6	1	5	..	...	...	...	...	...	...	...
Rangárvallasýsla	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Árnessýsla	3	...	3	...	...	...	...	...	..	...	...
Gullbringu- og Kjósarsýsla	1	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...
Reykjavíkurkaupstaður	94	10	...	2	82	...	6	4	...	...	2
Borgarfjarðarsýsla	1	..	1	...	...	...	1	1	...	...	...
Suðurmtið	105	11	10	2	82	...	7	5	...	...	2
Mýrasýsla	...	...	...	...	...	...	1	1	...	...	...
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	2	...	1	1	...	...	...	...	...	...	...
Dalasýsla	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
Barðastrandarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarsýsla	26	1	25	...	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarkaupstaður	18	1	17	..	...	...	1	1	...	...	...
Strandasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Vesturamtið	46	2	43	1	...	...	2	2	...	...	...
Húnavatnssýsla	12	...	12	...	...	...	...	...	...	...	...
Skagafjarðarsýsla	3	..	3	...	...	...	...	...	...	...	...
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	28	10	17	1	...	...	1	1	...	...	...
Suðurþingeyjarsýsla	10	...	9	...	1	...	...	...	...	...	...
Norðuramtið	53	10	41	1	1	...	1	1	...	...	...
Norðurþingeyjarsýsla	5	...	5	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðurmúlas. og Seyðisfjarðarkaupst.	11	4	7	...	...	...	...	...	...	...	...
Suðurmúlasýsla	5	...	5	...	...	...	13	6	...	...	7
Austurskaptafellssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðuramtið	21	4	17	...	...	...	13	6	...	..	7
Suðuramtið	105	11	10	2	82	...	7	5	...	...	2
Vesturamtið	46	2	43	1	...	...	2	2	...	...	...
Norðuramtið	53	10	41	1	1	...	1	1	...	...	...
Austuramtið	21	4	17	...	...	...	13	6	...	...	7
Á öllu landinu	225	27	111	4	83	...	23	14	...	...	9

III. Skýrsla um sáttamál árið 1900.

Sáttaumdæmi:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Vísað til dóms	Stefnt í dóm
Kleifa	.....	.....	.....	.....	.....
Leiðvalla	.....	.....	.....	.....	.....
Dyrhóla	3	2	.....	1	1
Vesturskaptsfellssýsla	3	2	.....	1	1
Vestmannaeyjasýsla	.....	.....	.....	.....	.....
Lands	.....	.....	.....	.....	.....
Uppholta	.....	.....	.....	.....	.....
Suðurholta	.....	.....	.....	.....	.....
Austurlandeyja	.....	.....	.....	.....	.....
Vesturlandeyja	.....	.....	.....	.....	.....
Hvols	.....	.....	.....	.....	.....
Rangárvalla	.....	.....	.....	.....	.....
Fljótshlíðar	.....	.....	.....	.....	.....
Vestureyjafjalla	.....	.....	.....	.....	.....
Austureyjafjalla	1	.....	.....	1	.....
Rangárvallasýsla	1	.....	.....	1	.....
Selvogs	.....	.....	.....	.....	.....
Ölfus	.....	.....	.....	.....	.....
Þingvalla	.....	.....	.....	.....	.....
Klausturhóla	1	.....	.....	1	.....
Miðdals	.....	.....	.....	.....	.....
Torfastaða	.....	.....	.....	.....	.....
Hruna	.....	.....	.....	.....	.....
Stóranúps	.....	.....	.....	.....	.....
Ólafsvalla	.....	.....	.....	.....	.....
Villingaholts og Gaulverjabæjar	1	.....	.....	1	.....
Hraungerðis	.....	.....	.....	.....	.....
Stokkseyrar	1	1	.....	.....	.....
Árnessýsla	3	1	.....	2	.....

III. Skýrsla um sáttamál árið 1900.

Sáttaumdæmi:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Vísað til dóms	Stefnt í dóm
Kjósar	14	14			
Kjalarness	2			2	
Mosfells					
Seltjarnarness					
Álptaness	2	2			
Vatnsleysustrandar					
Rosmhvalaness	4	2		2	
Grindavíkur- og Hafna	2	1		1	
Gullbringu- og Kjósarsýsla	24	19		5	
Reykjavíkur	93	49		44	24
Reykholtsdals					
Lundar	7	4		3	
Hestþinga	4	2		2	
Leirár- og Mela					
Akraness	33	21		12	1
Strandar	1	1			
Borgarfjarðarsýsla	45	28		17	1
Hvítársíðu					
Þverárhlíðar- og Norðurárdals	1			1	
Stafholtstungna					
Borgar	3	2		1	1
Álptaness					
Hraunhrepps	2	2			
Mýrasýsla	6	4		2	1
Skógarstrandar					
Helgafellssveitar	1			1	1
Eyrarsveitar	2	1		1	
Nesþinga	5	2		3	
Breiðuvíkurþinga	5	2		3	
Staðarsveitar					
Miklaholts og Eyja	3	3			
Kolbeinsstaðar					
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	16	8		8	1

III. Skýrsla um sáttamál 1900.

Sáttaumdæmi:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Vísað til dóms	Stefnt í dóm
Suðurdala	.....	.....	.....	.....	.....
Hjarðarholts	.....	.....	.....	.....	.....
Hvamms	.....	.....	.....	.....	.....
Staðarfells	.....	.....	.....	.....	.....
Skarðsþinga	4	1	.....	3	3
Saurhæjarþinga	.....	.....	.....	.....	.....
Dalasýsla	4	1	.....	3	3
Garpsdals	.....	.....	.....	.....	.....
Staðar- og Reykhóla	.....	.....	.....	.....	.....
Gufudals	.....	.....	.....	.....	.....
Flateyjar og Múla	.....	.....	.....	.....	.....
Brjánslækjar og Haga	.....	.....	.....	.....	.....
Sauðlauksdals	.....	.....	.....	.....	.....
Selárdals og Stórulauga	.....	.....	.....	.....	.....
Otrardals	.....	.....	.....	.....	.....
Barðastrandarsýsla	.....	.....	.....	.....	.....
Auðkúlu	.....	.....	.....	.....	.....
Þingeyrar	2	2	.....	.....	.....
Mýra	1	1	.....	.....	.....
Mosvalla	2	2	.....	.....	.....
Suðureyrar	.....	.....	.....	.....	.....
Hóls- og Eyrar	5	2	.....	3	.....
Súðavikur	.....	.....	.....	.....	.....
Ögur	.....	.....	.....	.....	.....
Reykjarfjarðar	.....	.....	.....	.....	.....
Nauteyrar	.....	.....	.....	.....	.....
Snæfjalla	1	1	.....	.....	.....
Grunnavíkur	.....	.....	.....	.....	.....
Sljettu	.....	.....	.....	.....	.....
Ísafjarðarsýsla	11	8	.....	3	.....
Ísafjarðarkaupstaðar	28	17	.....	11	6
Kolbeinsár	.....	.....	.....	.....	.....
Kollafjarðarness	.....	.....	.....	.....	.....
Staðar- og Kaldrananess	1	1	.....	.....	.....
Árness	.....	.....	.....	.....	.....
Strandasýsla	1	1	.....	.....	.....

III. Skýrsla um sáttamál 1900.

Lögsagnarumdæmi:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Vísað til dóms	Stefnt í dóm
Hofs	2	1	.....	1	.....
Höskuldsstaða	3	2	.....	1	.....
Bergsstaða	.....	.....	.....	.....	.....
Auðkúlu	.....	.....	.....	.....	.....
Hjaltabakka	.....	.....	.....	.....	.....
Þingeyra	.....	.....	.....	.....	.....
Undirfells	.....	.....	.....	.....	.....
Breiðabólsstaðar	.....	.....	.....	.....	.....
Tjarnar	.....	.....	.....	.....	.....
Melstaðar	.....	.....	.....	.....	.....
Staðarbakka	.....	.....	.....	.....	.....
Staðar	.....	.....	.....	.....	.....
Húnavatnssýsla	5	3	.....	2	.....
Skaga og Skefilsstaða	2	2	.....	.....	.....
Reynistaðar	1	1	.....	.....	.....
Sauðár	2	2	.....	.....	.....
Lýtingsstaða	.....	.....	.....	.....	.....
Blönduhlíðar	.....	.....	.....	.....	.....
Rípur	.....	.....	.....	.....	.....
Hóla og Viðvíkur	.....	.....	.....	.....	.....
Hofs	1	1	.....	.....	.....
Holts	8	8	.....	.....	.....
Fells	1	.....	.....	1	.....
Skagafjarðarsýsla	15	14	.....	1	.....
Siglufjarðar	2	2	.....	.....	.....
Ólafsfjarðar	2	2	.....	.....	.....
Tjarnar	1	.....	.....	1	.....
Valla	5	4	.....	1	.....
Möðruvalla	1	1	.....	.....	.....
Bægisár	.....	.....	.....	.....	.....
Glæsibæjar	2	2	.....	.....	.....
Hrafnagils	.....	.....	.....	.....	.....
Saurbæjar	.....	.....	.....	.....	.....
Grímseyjar	.....	.....	.....	.....	.....
Eyjafjarðarsýsla	13	11	.....	2	.....
Akureyri	10	7	.....	3	1

III. Skýrsla um sáttamál árið 1900.

Sáttaumdæmi:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Vísað til dóms	Stefnt í dóm
Grýtubakka	1			1	1
Flateyjardals					
Fnjóskadals					
Lundarbrekku					
Þóroddsstaðar	1	1			
Skútustaða					
Reykjadals					
Húsavíkur	4	2		2	
Suðurþingeyjarsýsla	6	3		3	1
Kelduness					
Fjalla					
Skinnastaða					
Presthóla					
Þistilfjarðar					
Langaness					
Norðurþingeyjarsýsla					
Skeggjastaða	3	2		1	1
Vopnafjarðar	8	8			
Tungu- og Hlíðar					
Jökuldals	1	1			
Fljótsdals					
Fella					
Hjaltastaðar	1	1			
Brimness	23	13		10	
Desjarmýrar	5	5			
Norðurmúlasýsla og Seyðisfjörður	41	30		11	1
Þingmúla	1	1			
Valla	2			2	
Eiða	2	2			
Hólma	5	3		2	
Skorrastaðar	2	2			
Mjóafjarðar	11	4		7	
Fáskrúðsfjarðar	8	2		6	
Eydala	1			1	1
Beruness					
Geithellna					
Suðurmúlasýsla	32	14		18	1
Bæjar	1	1			
Nesja- og Mýra					
Borgarhafnar	1	1			
Hofs					
Austurskaptafellssýsla	2	2			

Samandregin skýrsla um sáttamal árið 1900.

Sýslur og ömt:	Málatal	Sætt eða niður-fallin	Frestað	Lagt í dóm	Stefnt í dóm
Vesturskaptafellssýsla	3	2	.....	1	.....
Vestmannaeyjasýsla	.....	.....	.....	.....	.....
Rangárvallasýsla	1	.....	.....	1	.....
Árnessýsla	3	1	.....	2	.....
Gullbringu- og Kjósarsýsla	24	19	.....	5	.....
Reykjavík	93	49	.....	44	.....
Borgarfjarðarsýsla	45	28	.....	17	.....
Suðuramtið	169	99	.....	70	.....
Mýrasýsla	6	4	.....	2	.....
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	16	8	.....	8	.....
Dalasýsla	4	1	.....	3	.....
Barðastrandarsýsla	.....	.....	.....	.....	.....
Ísafjarðarsýsla	11	8	.....	3	.....
Ísafjarðarkaupstaður	28	17	.....	11	.....
Strandasýsla	1	1	.....	.....	.....
Vesturamtið	66	39	.....	27	.....
Húnavatnssýsla	5	3	.....	2	.....
Skagafjarðarsýsla	15	14	.....	1	.....
Eyjafjarðarsýsla	13	11	.....	2	.....
Akureyri	10	7	.....	3	.....
Suður-Þingeyjarsýsla	6	3	.....	3	.....
Norðuramtið	49	38	.....	11	.....
Norður-Þingeyjarsýsla	.....	.....	.....	.....	.....
Norðurmúlasýsla	41	30	.....	11	.....
Seyðisfjarðarkaupstaður					
Suðurmúlasýsla	32	14	.....	18	.....
Austurskaptafellssýsla	2	2	.....	.....	.....
Austuramtið	75	46	.....	29	.....
Austuramtið	169	99	.....	70	.....
Vesturamtið	66	39	.....	27	.....
Norðuramtið	49	38	.....	11	.....
Austuramtið	75	46	.....	29	.....
Á öllu landinu	359	222	.....	137	.....

Aðalskýrsla.

Samanborin við fólkstalið 1900.

Lögsagnarumdæmi:	Fólkstala 1900	Sakamenn, samtals	Á hvert 1000 landsmanna	Ákærðir um lögreglubrot almenn, samt.	Á hvert 1000 landsmanna	Einka-lögreglumál, samtals	Á hvert 1000 landsmanna	Sáttamál, samtals	Á hvert 1000 landsmanna
Vesturskaptafellssýsla	1950	...	...	...	...	...	...	3	1.5
Vestmannaeyjasýsla	500	1	2.0	6	12.0	...	...	...	...
Rangárvallasýsla	4645	3	0.6	...	...	...	...	1	0.2
Árnessýsla	6511	4	0.6	3	0.5	...	...	3	0.5
Gullbringu- og Kjósarsýsla	5334	...	...	1	0.2	...	...	24	4.5
Reykjavík	5802	8	1.4	94	16.2	6	1.0	93	16.0
Borgarfjarðarsýsla	2561	2	0.8	1	0.4	1	0.4	45	17.6
Mýrasýsla	1843	...	...	...	...	1	0.5	6	3.3
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	3381	...	...	2	0.6	...	...	16	4.7
Dalasýsla	2236	...	...	...	...	...	...	4	1.8
Barðastrandarsýsla	3108	...	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarsýsla	5802	3	0.5	26	4.5	...	...	11	1.9
Ísafjarðarkaupstaður	1067	1	1.0	18	16.9	1	1.0	28	26.2
Strandasýsla	2014	...	..	...	...	...	...	1	0.5
Húnavatnssýsla	3724	...	...	12	3.2	...	...	5	1.3
Skagafjarðarsýsla	4310	1	0.2	3	0.7	...	...	15	3.5
Eyjafjarðarsýsla	5114	1	0.2	28	4.5	1	0.2	13	2.5
Akureyri	1038	4	3.9					10	9.7
Suður-Þingeyjarsýsla	3712	...	...	10	2.7	...	...	6	1.6
Norður-Þingeyjarsýsla	1379	...	...	5	3.6	...	...	...	...
Norðurmúlasýsla	2617	2	0.8	11	3.2	...	...	41	12.1
Seyisfjarðarkaupstaður	783	...	...						
Suðurmúlasýsla	5690	1	0.2	5	0.9	13	2.3	32	5.6
Austurskaptafellssýsla	1187	...	...	...	...	...	...	2	1.7
Suðuramtið	27303	18	0.66	105	3.84	7	0.26	169	6.17
Vesturamtið	19451	4	0.21	46	2.37	2	0.10	66	3.39
Norðuramtið	17898	6	0.34	53	2.96	1	0.06	49	2.18
Austuramtið	11656	3	0.23	21	1.79	13	1.12	75	6.43
Á öllu landinu	76308	31	0.41	225	2.95	23	0.30	359	4.60

Yfirlit

yfir afbrot sakdóma í lögsagnarumdæmi hverju fyrir árið 1900.

Lögsagnarumdæmi:	Morð og mannsbani	Fósturmorð og dulsmál	Líkamlegt ofbeldi og meiðing	Blóðskömm	Annað óskírlífi	Þjófnaður	Hilming	ólöglega meðferð á fundnu fje	Svik	Falsanir	Meinsæri	Rangur vitnaframburður	Brot gegn valdstjórninni	Embættisafglöp	Ólögmæt notkun	Önnur afbrot	Brotin: Fyrsta afbrot	Brotin: Endurfallnir afbrotamenn
Vesturskaptafellssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Vestmannaeyjasýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	1	...
Rangárvallasýsla	...	...	...	...	...	1	...	1	...	1	...	...	...	...	...	...	3	...
Árnessýsla	...	...	...	...	...	2	...	...	1	1	...	...	...	...	...	1	2	2
Gullbringu- og Kjósarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Reykjavíkurkaupstaður	...	...	...	...	...	4	...	...	1	1	1	...	1	...	...	1	8	...
Borgarfjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	2
Mýrasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Dalasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Barðastrandarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Ísafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	1	...	...	...	...	...	...	1	3	...
Ísafjarðarkaupstaður	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	1	...
Strandasýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Húnavatnssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Skagafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	1	...
Eyjafjarðarsýsla	...	...	...	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	1	...
Akureyrarkaupstaður	...	...	...	...	...	4	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	4	...
Suðurþingeyjarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðurþingeyjarsýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupst.	...	...	...	...	1	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	2	...
Suðurmúlasýsla	...	...	1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	1	...
Austurskaptafellssýsla	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Samtals	...	...	1	...	1	18	...	1	4	3	1	...	1	...	..	3	27	4

Athugasemdir.

Um sakdóma. Það athugast, að í framanskráðum skýrslum eru aðeins taldir þeir sakamenn, er dæmdir hafa verið á árinu við undirrjett:

Tala dæmdra sakamanna hefir verið:

1868—84 að meðaltali árlega	21	1898	28
1885—91 — —— ——	30	1899	35
1892—96 — —— ——	36	1900	31
1897	24		

Hinir sakfelldu voru allir karlmenn.

Árið 1900 voru brotin alls:

Þjófnaður	18
Ólögleg meðferð á fundnu fje	1
Svik	4
Skjalafals	4
Samtals brot gegn eignarrjetti	27
Líkamlegt ofbeldi og meiðing	1
Óskírlífi	1
Meinsæri	1
Brot gegn valdstjórninni	1
Önnur afbrot	4
Önnur brot	6

Brot gegn eignarrjetti hafa þannig verið $^{9}/_{11}$ en öll önnur brot $^{2}/_{11}$.

Í fangelsisvist voru dæmdir alls 17 sakamenn. Þar af 14 í fangelsi við vatn og brauð, 2 í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1 í einfalt fangelsi.

Um almenn lögreglumál. Fyrir almenn lögreglubrot hafa verið:

	sakbornir	sakfeldir		sakbornir	sakfeldir
1878—84 að meðaltali árlega	65	54	1898	156	135
1885—91 — —— ——	128	79	1899	193	151
1892—96 — —— ——	176	148	1900	225	194
1897	156	145			

Um einkalögreglumál:

1878—84 að meðltaltali árlega	39	Þar	af	sætt	eða	niðurfallin	24
1885—91 — —— ——	29	—	—	—	—	——	16
1892—96 — —— ——	34	—	—	—	—	——	23
1897	28	—	—	—	—	——	15
1898	46	—	—	—	—	——	23
1899	36	—	—	—	—	——	23
1900	23	—	—	—	—	——	14

Um sáttamál. Sáttamál hafa verið:

1878—84 að meðaltali árlega	226	Þar	af	sætt	eða	niðurfallin	134
1885—91 — —— ——	282	—	—	—	—	——	157
1892—96 — —— ——	245	—	—	—	—	——	140
1897	311	—	—	—	—	——	180
1898	329	—	—	—	—	——	212
1899	348	—	—	—	—	——	206
1900	359	—	—	—	—	——	222